



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Samráðsgátt

Reykjavík, 7. desember 2020

Varðar: Drög að reglugerð um Kríu – sprota og nýsköpunarsjóð

Birt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda drög að reglugerð um Kríu – sprota og nýsköpunarsjóð. Í 6. tölul. 2. gr. reglugerðardraganna kemur fram skilgreining á viðurkenndum rekstraraðila sjóðsins. Þar er tiltekið að aðili sem reki sjóðinn á grundvelli starfsleyfis skv. 6. eða 7. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, *geti ekki verið hluti af eða tengdur öðrum lögaðila sem hefur aðra meginstarfsemi en fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum*. Þetta skilyrði má skilja á þann hátt að rekstrarfélög verðbréfasjóða sem tengjast fjármálafyrirtækjum á einn eða annan hátt geti ekki rekið sjóð sem fær framlag frá Kríu.

Þetta skilyrði kemur mjög á óvart. Hvorki í lögum um sjóðinn, nr. 65/2020, eða athugasemdum með þeim er fjallað um að girða eigi fyrir aðkomu Kríu að vísisjóðum í rekstri rekstraraðila sem jafnframt eru rekstraraðilar verðbréfasjóða og/eða eru í eigu banka. Tilgangur sjóðsins er skýr, þ.e. að fjárfesta í sérhæfðum sjóðum sem hafa þann tilgang að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Umrædd skilgreining í reglugerðinni virðist því ganga lengra en lagt var upp með við stofnun sjóðsins og hefur ekki stoð í lögum.

Takmörkunin sem orðuð er í reglugerðinni getur komið í veg fyrir að það verði kröftug uppbygging á þessum markaði. Tregða til fjárfestinga getur skapast með þessu fyrirkomulagi því að fjárfestar eru almennt viljugri til að setja fjármagn í sjóði hjá rekstraraðilum sem hafa boðið upp á samfellu í rekstri yfir fjölda ára, eru líklegir til að gera það áfram. og njóta þannig trausts á markaðnum.

Með vinsemd og virðingu,

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur